**Fundargerð**

**270. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**

Þriðjudaginn ~~24~~ 25. júní 2019 kl. $12^{00}$ – $13^{30}$.

Viðstödd:

Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður
Benedikt S. Benediktsson (BSB)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) fjarverandi
Lúðvík Gústafsson (LG)

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Íris Gunnarsdóttir (ÍG), fundarritari.

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

(1) Fundargerð síðasta fundar
(2) Úrvinnslusjóður
(3) Rekstraráætlun og úrvinnslugjald
(4) Hjólbarðar
(5) Önnur mál

**1. Fundargerð**

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (269. fundar).

*Samþykkt*

Samþykkt var dagskrárbreyting og tekinn fyrir 5. liður, önnur mál.

**2. Úrvinnslusjóður**

GGÞ fór yfir stöðu mála er varðar skoðun hjá Reikningsskilaráði um lög um opinber fjármál og hvernig tekjur Úrvinnslusjóðs af úrvinnslugjaldi eru birtar og færðar í ríkisbókhaldi fyrir rekstrarárin 2017 og 2018. Engin niðurstaða er kominn, frekar en á síðasta stjórnarfundi en búist er við að hún liggi fyrir innan fárra vikna.

**3. Rekstraráætlun og úrvinnslugjald**

Áframhaldandi umræða um rekstraráætlun of tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi.

*Ákveðið var að úrvinnslugjald plastumbúðir yrði hækkað úr 27 samkvæmt áætluninni í 28 kr./kg. Að öðru leyti samþykkti stjórn fyrirliggjandi rekstraráætlun og tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi.*

BSB LG GJ

**4. Hjólbarðar**
Lögð var fram á fundinum fyrirspurn frá þjónustuaðila varðandi ráðstöfun hjólbarða.

*Frestað.*

**5. Önnur mál**
Stjórn ræddi útboð Sorpu á móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs. Fyrirliggjandi er niðurstaða útboðsins sem opnað var í maí sl. Hæstu tilboð skiptust á milli fyrirtækja og voru töluvert umfram lágmarkupphæðir í tilboðinu. Ákveðið að fela ÓK að vekja athygli UAR á málinu.

Næsti fundur ákveðinn 9. júlí 2019.
Fundi slitið kl. 13.30